# MÖTUNEYTISREGLUR

Skólameistari er ábyrgur fyrir rekstri mötuneytisins í umboði skólanefndar.

Bryti/matreiðslumeistari sér um daglegan rekstur, stjórnun, innkaup og eldamennsku.

Skólaráðsfulltrúar eru fulltrúar nemenda í mötuneytisráði. Mál mötuneytisins eru rædd á þeim vettvangi. Reglur þessar voru samþykktar af mötuneytisráði.

Það er stefna mötuneytis ML að leggja áherslu á:

Hollustu – Fjölbreytni – Hagkvæmni – Umhverfisvernd

1. **Þvoum okkur um hendur fyrir mat**
   — Mikilvægt er að allir þvoi sér um hendur áður en þeir snæða til að viðhalda góðu hreinlæti.

2. **Sýnum kurteisi og höfum ró**
   — Við biðjum alla um að sýna öðrum kurteisi og virðingu, bæði starfsfólki og öðrum gestum.
   — Hafið í huga að vera hljóðlát svo allir geti notið máltíðarinnar í ró.

3. **Þrífum upp eftir okkur**
   — Ef sullast niður matur eða drykkur, biðjum við alla að þrífa það strax upp til að halda mötuneytinu hreinu og snyrtilegu. Biðjið starfsfólk mötuneytis að útvega viðeigandi áhöld.

4. **Göngum frá**
   — Allir bera ábyrgð á að ganga frá sínum mataráhöldum eftir að máltíð er lokið.
   — Skiljið ekkert eftir á borðum.
   — Gætið þess að tyggjó fari í ruslafötur (almennt rusl, ekki lífrænt).

5. **Tökum ekki mat eða mataráhöld út úr matsalnum**
   — Ekki skal bera mat né mataráhöld út úr matsal nema með leyfi starfsfólks, þá með undantekningu vegna veikra nemenda á vistum. Til þess eru notaðar viðeigandi umbúðir.

6. **Skráning í helgarmáltíðir er nauðsynleg**
   — Þegar nemendur dvelja á vistinni um helgar og nýta sér helgarmáltíðir, er nauðsynlegt að skrá sig með fyrirvara á innri vef skólans.